

Breytingatillögur vegna frumvarps til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands**1. Við 8. gr. í stað 3., 4. og 5. mgr. 8. gr. komi fjórar nýjar mgr. er orðist svo:**

Útgerðir skipa sem stunda veiðar á sjávardýrum úr stofnum sem um er rætt í 6. gr. skulu greiða sérstakt gjald - veiðieftirlitsgjald - vegna eftirlits með veiðum skipanna. Skal gjaldið renna til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu. Gjald vegna hvers einstaks skips skal vera 0.3 kr. á hvert aflakíló metið til í þorskígilda í samræmi við verðmætastuðla sem ákveðnir eru á grundvelli laga um stjórn fiskveiða. Skulu útgerðir fiskiskipa greiða gjaldið í samræmi við ákvæði 4. og 5. mgr.

Útgerð skips sem fær úthlutað veiðiheimildum á grundvelli 6. gr. skal greiða gjald skv. 3. mgr. fyrir hvert úthlutað aflakíló. Skal gjaldið greitt fyrirfram við útgáfu tilkynningar um aflamark er kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra á viðkomandi fiskveiðiári, vertíð eða veiðitímabili og skal gjaldstofn miðaður við úthlutað aflamark. Gjaldið er ekki endurkræft þótt veiðiheimildir hafi ekki verið nýttar.

Fari stjórn veiða á þeim stofnum er 6. gr. tekur til fram með öðrum hætti en úthlutun veiðiheimilda milli skipa skal gjald skv. 3. mgr. innheimt árlega eftir á samhliða gjaldi vegna almenns veiðileyfis skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða vegna skipa er hafa það leyfi. Innheimta vegna afla fiskiskipa er hafa ekki leyfi til veiða í atvinnuskyni skv. lögum um stjórn fiskveiða fer fram á sama tíma. Skulu ákvæði 3. mgr. gilda um álagningu gjaldsins en gjaldstofn miðast við landaðan afla viðkomandi fiskiskips er veiðar stundar skv. 6. gr. á 12 mánaða tímabili frá 1. ágúst til 31. júlí fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs.

Hafi íslensk stjórnvöld á grundvelli milliríkjasamnings, eða með öðrum skuldbindandi hætti, samið um að eftirlit með veiðum fiskiskipa úr stofni er kveðið er á um í 6. gr. skuli vera með þeim hætti að um borð í hverju veiðiskipi skuli starfa eftirlitsmaður skulu útgerðir skipa er veiðar stunda úr þeim stofni greiða 15.000 kr. á hvern dag er skipið stundar þær veiðar. Verði samið um minna eftirlit, þannig að veiðieftirlitsmaður verði við eftirlitsstörf um borð í hluta skipa er stunda veiðar úr viðkomandi stofni skal hvert skip greiða gjald á hvern dag er skipið stundar þær veiðar er nemur sama hlutfalli af daggjaldinu skv. 1. málslíð þessarar mgr. og umsömdu hlutfalli skipa með eftirlitsmenn um borð og skal gjaldið greitt af öllum skipum er veiðarnar stunda án tillits til veru eftirlitsmanna um borð í einstökum skipum. Gjald vegna eftirlitsmanna skv. þessari mgr. greiðist árlega, eftir á, vegna eftirlits á 12 mánaða tímabili í samræmi við ákvæði 5. mgr

2. Við ákvæði til bráðabirgða. Eftirfarandi breyting verði gerð á ákvæðinu:

Við innheimtu gjalds skv. 3., 5. og 6 mgr. 8. gr. í fyrsta sinn þann 1. september 1996 skal miða innheimtuna við afla og veiðidaga viðkomandi fiskiskips á tveggja mánaða tímabili frá 1. júní 1996 til 31. júlí 1996.